

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 25. gr. a reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1634 frá 5. júní 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2023, 27. október 2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 23. nóvember 2023, bls. 159-168.

#### 2. gr.

Viðauki IV við reglugerðina breytist þannig:

Undir fyrirsögninni „bifreiðir og eftirvagnar“:

Undir tölulið 45zzl við reglugerð nr. 582/2011/ESB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2022/2383/ESB	L 315, 7.12.2022	Birt í EES-viðbæti nr. 63, frá 7. september 2023, bls. 56-63.
---------------	------------------	---

#### 3. gr.

Með reglugerð þessari eru innleiddar reglugerðir: 2023/1634/ESB og 2022/2383/ESB.

#### 4. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 28. nóvember 2023.*

F. h. r.

**Valgerður B. Eggertsdóttir.**

*Gauti Daðason.*